

14. sveitarstjórnarfundur 01.03 2011, Végarði kl. 13.30

Mætt voru: Lárus, Jóhann , Anna Jóna og Gunnþórunn. Þorvarður var væntanlegur.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. 3ja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2012-2014, síðari umræða
3. Laugarfell
 - a) Verkfundargerðir 10.02 og 23.02
 - b) Rekstrarmál
 - c) Umhverfishönnun
4. Áætlanafærðir í Fljótsdal
Fundargerð samstarfshóps 24.02
5. Málefni Bókasafns Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur
Bréf Halldórs Árnasonar dags. 23.02, ásamt fylgigögnum
6. Kjarasamingsumboð Sambands íslenskra sveitarfélaga
7. Bréf
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 24.02
 - b) Lánasjóður sveitarfélaga dags. 23.02
 - c) Ályktun um tónlistarskóla dags. 11.02
 - d) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 09.02
 - e) Vegagerðin 16.02
 - f) Markaðsstofa Austurlands dags. 15. 02
 - g) UMFÍ dags. 15.02
8. Fjarbeiðnir
 - a) Nemendafélag Menntaskólans á Egilsstöðum
 - b) Bandalag íslenskra skáta 11.02
9. Fundargerðir
 - a) Austfirsk eining 18.02
 - b) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 11.02, ásamt afriti af bréfi til Umhverfissráðuneytis dags. 23.02
 - c) HAUST 19.02
 - d) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 07.02
10. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Kynningarfundur um landamerkjaskráningu í Fljótsdal var haldinn 22. febrúar. Mætt var frá 12 bæjum á fundinn. Skarphéðinn Smári/ starfsmaður Mannvits hefur hafið vinnu við að taka saman gögn og skrá merkin.

ÚÍA vekur athygli á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Fljótsdalshéraði 29.-31. júlí 2011

Borist hefur ábending um hættu á úrrennsli á lagnaleið jarðstrengja (ljósleiðara og rafmagnsstreng) , neðan vegar við Droplaugarstaði, en þar er lækur að grafa frá lögnunum.

Í endanlegu uppgjöri Jöfnunarsjóðsframlaga fyrir árið 2010 er staðfest að Fljótsdalshreppur fær aðeins úthlutað framlögum vegna íbúafækkunar, húsaleigubóta og tryggingnargjalds. Alls rúml. 10 millj.

Staðgreiðslutekjur ársins 2010 eru 16,5 millj. og frá fyrra ári 7,1 millj, alls 22, 5 millj. Nafnávöxtun á fjármunum sveitarfélagsins sem eru í eignastýringu Landsbankans 2010 er 12,11%

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út kynningarbækling um Skólavogina. Skólavogin er tilraunaverkefni, þar sem hægt er að bera saman lykiltölur um skólahald.

Fljótsdalshreppi hafa borist frá Landsvirkjun skýrslurnar “ LV-2011/031 Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar árið 2010., og LV-2011/030 Fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2010.,. Einnig skilagrein “ Útvarpsmerkingar í Lagarfljóti 2011., vöktun vegna fiskistofna.

2. 3ja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2012-2014, síðari umræða

Fram lögð áætlun samþykkt samhljóða. Áætlunin gerir ráð fyrir rekstrarafgangi öll árin, að ekki verði um lántöku að ræða og lán greidd upp , utan lána félagslegra íbúða á Hallormsstað. Fjárfestingar eru áætlaðar um 120 millj og að handbært fé verði um 200 millj. í lok tímabilsins.

3. Laugarfell

a. Verkfundargerðir 10.02 og 23.02

Samþykkt að fara í breytingar á aðalinngangi þannig að hurð opnast inn, enda liggja þá fyrir samþykki slökkviliðsstjóra. Framkvæmdin er langt komin, en skil verktaka dragast eitthvað fram í mars mánuð. Sveitarstjórn samþykkir það fyrir sitt leiti. Gert er ráð fyrir síðasta verkfundi 9 mars.

b. Rekstrarmál

Skálinn hefur verið auglýstur til leigu og er umsóknarfrestur til 8 mars kl. 13:00.

Þorvarður mætti til fundar 14.30

c. Umhverfishönnun. Umhverfishönnuðir frá Hornsteinum arkitektum voru á ferðinni 23. feb og skoðuðu aðstæður við Laugarfellsskála , einnig fundaði sveitarstjórn með þeim til þess að ræða ýmis mál tengdum hönnun og frágangi umhverfis.

4. Áætlanaferðir í Fljótsdal

Fundargerð samstarfshóps 24.02. Sveitarstjórn lýsir yfir áhuga á að standa að þessu samstarfi.

5. Málefni Bókasafns Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur

Bréf Halldórs Árnasonar dags. 23.02, ásamt fylgigögnum.

Varðar reglur um safnið. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar vegna málsmeðferðar . Sveitarfélagið á fulltrúa í fulltrúaráði Héraðsskjalasafnsins og

er hann varamaður í stjórn Héraðskjalasafnsins , en sveitarfélagið hefur ekki aðra aðkomu að rekstri eða stjórnun bókasafnsins.

6. Kjarasamingsumboð Sambands íslenskra sveitarfélaga. Oddvita veitt heimild til að undirrita kjarasamningsumboð fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Bréf

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 24.02. Landsþing SÍS verður haldið á Hilton 25.03 .2011.
- b. Lánasjóður sveitarfélaga dags. 23.02. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitafélaga. Sveitarstjórn felur stjórn SSA að tilnefna fulltrúa í stjórnina.
- c. Ályktun um tónlistarskóla dags. 11.02. Ályktun mótmælafundar vegna niðurskurðar til tónlistarskóla.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 09.02. Vegna námskeiðs fyrir sveitarstjórnarmenn. Verður á Austurlandi laugard. 19. mars. Skráning er inn á www.samband.is
- e. Vegagerðin 16.02. Svar vegna umsóknar í styrkvegasjóð. Svar mun berast í lok maí.
- f. Markaðsstofa Austurlands dags. 15. 02. Varðar tilnefningu fulltrúa á aðalfund Markaðsstofu Austurlands. Samþykkt að tilnefna Magnhildi Björnsdóttur og til vara Ólöfu Sæunni Valgarðsdóttur.
- g. UMFÍ dags. 15.02. Óskað er eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ til að taka að sér Landsmót 50+ 24-26 júní 2011.

8. Fjarbeiðnir

- a. Nemendafélag Menntaskólans á Egilsstöðum. Sótt um styrk vegna uppsetningar á leikriti „Ástin er diskó, lífið er pönk“. Samþykkt að styrkja félagið um kr. 50.000-
- b. Bandalag íslenskra skáta 11.02. Sótt um vegna „Góðverkadaga 2011“ Hafnað.

9. Fundargerðir

- a) Austfirsk eining 18.02 Kynnt.
- b) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjöldgarðs 11.02, ásamt afriti af bréfi til Umhverfissráðuneytis dags. 23.02. Kynnt
- c) HAUST 19.02. Kynnt.
- d) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 07.02. Kynnt

11. Önnur mál.

- a) Jóhann sagði frá því að slæmt símasamband væri á heimasíma, á ysta hluta sveitarinnar norðan megin, sem stafi af því að bæirnir hefðu verið tengdir af Hallormsstaðasímstöð yfir á Skriðuklausturssstöð.
- b) Samþykkt að óska eftir við Vegagerðina að fram fari endurbætur/ nýbygging á heimreið í Víðivallagerði, samhliða öðrum fyrirhuguðum vegaframkvæmdum i sveitarfélaginu.
- c) Auglýstur er kynningarfundur um ný skipulagslög, ný mannvirkjalög og drög að nýjum reglugerðum Hótel Héraði 3. mars kl. 13.00
- d) Námskeið verður haldið í Vattarsaumi í Végarði 11-13. mars.

e) Rætt var um dýralæknaþjónustu á svæðinu og eftirfarandi bókað:

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsir yfir áhyggjum af stöðu mála er varða breytingar á starfsumhverfi héraðsdýralækna, en stöður þeirra verða lagðar niður 1. nóvember 2011. Embættum verður þá fækkað þannig að í Austurumdæmi sem nær yfir Borgarfjarðarhrepp, Breiðdalshrepp, Djúpavogshrepp, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Sveitarfélagið Hornafjörð og Vopnafjarðarhrepp verður 1 héraðsdýralæknir og er honum gert að sinna aðeins eftirlitsstörfum, þ.e. héraðsdýralækna mega ekki sinna lækningum. Þá er gert ráð fyrir tveimur hlutastörfum eftirlitsdýralækna, vegna starfa í sláturhúsum, sem starfrækt eru á Austurlandi þ.e. á Vopnafirði og Hornafirði. Önnur dýralæknaþjónusta getur því aðeins verið veitt af sjálfstætt starfandi dýralæknum, og engin trygging fyrir því að í hinum dreifðari byggðum sé grundvöllur fyrir slíkri þjónustu og ekkert liggur fyrir um hvort eða hvernig hún verður tryggð. Sveitarstjórn telur ástæðu til að hafa verulegar áhyggjur af því að boðaðar breytingar muni koma með harkarlegum hætti niður á landbúnaðarstarfsemi og stefni dýravelferð í hættu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)